

Primex ehf.  
Óskarsgötu 7  
580 Siglufjörður

Reykjavík, 2. desember 2019  
UST201901-219/H.E.  
08.09.02

**Efni: Reglubundið eftirlit, 3. október 2019, hjá Primex ehf. Siglufirði.**

Þann 3. október sl. fór fram eftirlit í verksmiðju Primex ehf. á Siglufirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Staðfestar voru úrbætur vegna tveggja eldri frávika úr eftirliti 2017 og 2018.

Tveimur ábendingum var komið á framfæri í eftirlitinu varðandi upplýsingagjöf til eftirlitsaðila varðandi efnamælingar og eftirlit með sýrustigsmæli frárennslis.

**Eitt nýtt frávik kom fram er varðar:**

- Gr. 2.9 í starfsleyfi. Niðurstöður símælinga á sýrustigi (pH) í frárennsli gefa til kynna að sýrustig hafi ítrekað verið út fyrir starfsleyfismörk starfsleyfisins. Samkvæmt skýringum rekstraraðila stafa frávikan af skekkjum og bilunum í mælibúnaði. Búið er að skipta út mæli (í febrúar 2019) og endurstilla iðnstýringar og hafa mælingarnar verið innan marka frá byrjun ágústmánaðar. Frávikan telst því lokið



Halla Einarsdóttir

Virðingarfyllst



Hulda S. Jónasdóttir  
Hulda Soffia Jónasdóttir

**Afrít:** Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Primex, Siglufirði Siglufjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	3.10.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Primex, Siglufirði	Eftirlitsmaður	
Heimili	Óskarsgötu 7	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	681197-2819	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Guðný Helga Kristjánsdóttir	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Sigríður Vigfúsdóttir	Staðsetning	504514,193 628305,621

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í reglubundnu eftirliti í Primex ehf. var skráð eitt nýtt frávik frá starfsleyfi er varðar sýrustig frárennslis. Rekstraraðili hefur brugðist við fráviku og sýna símælingar frá og með ágúst sl. að mæligildi eru innan starfsleyfismarka. Tveimur ábendingum varðandi gagnaskil og skráningar var komið á framfæri. Staðfestar voru úrbætur vegna tveggja frávika skráðra í eftirliti 31. október 2018 og í eftirliti 20. júní 2017.

## UMFANG EFTIRLITS

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Siðasta eftirlitsskýrsla og úrbætur frávika
2. Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa/bráðamengunar hafs og stranda
  - a. tilkynningar vegna mengunaróhappa
  - b. Trygging vegna bráðamengunar hafs og stranda
3. Skráningar skv. grein 3.1 í starfsleyfi
4. Skýrslugjöf skv. grein 5.3 í starfsleyfi
5. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

1. Í vettvangferð dags. 31. ágúst 2018 voru skráð tvö frávik og viðvarandi frávik sem skráð var í eftirliti 20. júní 2017. Frávik frá 2017 varðar litabreytingar í viðtaka (sjó). Frárennslisvatn skildi eftir rauðan lit í viðtakanum sem lagðist upp að ströndinni við vissar náttúrulegar aöstæður. Framkvæmdir við lengingu fráveitulagnarinnar voru kláraðar í júní sl. en hún nær nú 76 m út í fjörðin og 10 m undir sjávarmál. Samkvæmt upplýsingum rekstraraðila hefur dregið verulega úr rauðum lit við ströndina. Í skoðunarferð var staðfest að ekki var sjánlegur rauður litur á sjónum við verksmiðjuna. Frávik er varðar mælt sýrustig (pH) í frárennslí var skráð í eftirliti 31. ágúst 2018. Búið er að fjárfesta í nýum mælibúnaði og uppfæra stýrkerfi þannig að mælingar eru nú innan starfsleyfismarka. Í skoðunarferðinni var farið yfir mælingar 2019. Þær voru mjög flöktandi og itrekað yfir starfsleyfismörkum fram til ágúst en síðan þá hafa þær verið innan starfsleyfismarka. Rekstraraðili telur að framleiðsla sé stöðug og ekki hafi orðið breytingar á ferlinu sem geti skýrt breytingar á raungildum. Rekstraraðili telur líklegra að mælamir hafi ekki verið að sýna réttar niðurstöður en með stillingu mælibúnaðar og stjórnerfis séu þeir nú að sýna rétt gildi. Eftirlitsaðili telur mikilvægt að rekstraraðili fylgist náið með virkni mælananna og að þeir séu rétt kvarðaðir til að þeir sýni rétt mæligildi. Einnig beinir eftirlitsaðili því til rekstraraðila að halda vel utan um skráningar á eftirliti, viðhaldi og prófunum á mælibúnaðinum í samræmi við ákvæði í grein 3.1 í starfsleyfinu. Þessar skráningar voru skráðar sem frávik í eftirliti 31. ágúst 2018.

2. Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa/bráðamengunar hafs og stranda er til staðar í verksmiðjunni en hefur ekki verið send til Mannvirkjastofnunar eins og kveðið er á um í starfsleyfinu. Skírteini um tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda upp á 1.000.000 SDR var lögð fram í eftirlitinu. Farið var yfir leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um tilkynningar mengunaróhappa. Rekstraraðili er hvattur til að skoða hvort ástæða sé til að uppfæra viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda m.t.t. leiðbeininganna.

3. Eins og fram kemur í tölduð 1 hér að framan voru útistandandi frávik vegna skráninga í grein 3.1 varðandi eftirlit, viðhald og bilanir á mengunarvarnabúnaði. Engin mengunaróhöpp hafa verið skráð frá síðasta eftirliti og engar kvartanir hafa borist vegna starfsemminnar. Kvitanir flutningsaðila úrgangs og spilliefna voru afhentar í eftirlitinu. Kvarðanir og prófanir á tækjabúnaði eru skráðar í vinnudagbækur viðhaldsmanna. Rætt var um tækifæri til að halda betur utan um skráningarnar þannig að betri yfirsýn fáist um s.s. um magn úrgangs og tíðni viðhalds.

4. Samkvæmt grein 5.3 í starfsleyfi skal framkvæma mælingar í viðtaka árlega og skal niðurstöðum þeirra skilað inn fyrir 1. maí árið eftir. Fjallað er um niðurstöður eftirlitsmælinga sem fram fóru í mars 2019 í skýrslu um grænt bókhald. Annars vegar eru birtar niðurstöður á styrk COD/TOC og svifagna í safnsýni úr frárennslí og hins vegar köfnunarefni, fósfór og kalsíum í viðtaka frárennslis.

Skoðun á umhverfi útrásar var síðast framkvæmd árið 2018 og var myndband frá kafara var sent Umhverfisstofnun í kjölfarið (dags. 22. janúar 2018).

Botnrannsóknir skv. grein 5.2 voru síðast framkvæmdar árið 2015. Ekki er talin ástæða til að endurtaka rannsóknina

að svo stöddu.

Hávaðamælingar fóru síðast fram 13. janúar 2016 og voru niðurstöður þeirra afhentar í eftirlitnu en þær voru jafnframt sendar til Umhverfisstofnunar þegar þær lágu fyrir á sínum tíma. Samkvæmt starfsleyfi á að mæla hávaða á 5 ára fresti og því skal framkvæma næstu mælingu árið 2021. Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi var skilað til stofnunarinnar á tilsettum tíma fyrir 1. maí sl.

##### 5. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Með breytingu á lögum 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og með reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit eru nú komin inn ákvæði um að tíðni eftirlitsferða skuli miðast við kerfisbundið áhættumat á umhverfisáhættu vegna starfseminnar. Umhverfisstofnun hefur unnið slikt kerfisbundið áhættumat og var það kynnt rekstraraðilia í eftirlitinu. Í lok árs hyggst Umhverfisstofnun taka saman heildræna rýni á niðurstöður áhættumatsins og nota til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða frá og með árinu 2020. Nánar er greint frá áhættumatinu í landsáætlun um eftirlit og áætlun um reglubundið eftirlit Umhverfisstofnunar sem nálgast má á heimasiðum Umhverfisstofnunar.

#### Frávik frá

#### Lýsing á fráviki

##### Grein 2.9 í starfsleyfi

Niðurstöður símælinga á sýrustigi (pH) í frárennsli gefa til kynna að sýrustig hafi ítrekað verið út fyrir starfsleyfismörk starfsleyfisins. Samkvæmt skýringum rekstraraðila stafa fráviking af skekkjum og bilunum í mælibúnaði. Búið er að skipta út mæli (i febrúar 2019) og endurstilla iðnstýringar og hafa mælingarnar verið innan marka frá byrjun ágústmánaðar. Frávikingu telst því lokið

## ÁBENDINGAR

Umhverfisstofnun óskar eftir nánari upplýsingum varðandi efnamælingar í viðtaka skv. grein 5.1. þ.e. hvar sýnin voru tekin, dags, sýnatöku og upplýsingum um aðstæður við sýnatökuna s.s. veðurfar eða annað sem kann að hafa áhrif á niðurstöður mælinganna. Jafnframt óskar stofnunin eftir skýrslum þeirra séfræðinga sem sáu um efnagreiningu sýnanna.

Eftirlitsaðili telur mikilvægt að rekstraraðili fylgjist náið með virkni sýrustigsmæla í frárennsli og að þeir séu rétt kvarðaðir til að þeir sýni rétt mæligildi. Einnig er beint til rekstraraðila að halda vel utan um skráningar á eftirliti, viðhaldi og prófunum á mælibúnaðinum í samræmi við ákvæði í grein 3.1 í starfsleyfinu. Þessar skráningar voru skráðar sem frávik í eftirliti 31. ágúst sl.

Reykjavík, 02.12.2019

Halla Einarsdóttir  
Halla Einarsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.